

Sunnudaginn 2. desember, 2007 - Bókmenntir

„Bókmenntaumuræðan er svo andstutt“

*Elías Mar rithöfundur er viðfangsefni nýrrar bókar Hjálmars Sveinssonar *Elías upplifði sig sem gleymdan höfund og var ekki sáttur við það *„Merkilegur Reykjavíkurhöfundur,“ segir Hjálmar



Gegn gleyskunni „Bókmenntafræðingar og gagnrýnendur hafa brugðist, ekki verið nógu duglegir við að vekja athygli á merkum bókum.“

[Smelltu til að sjá stærri mynd]



Nýr penni í nýju lýðveldi nefnist bók sem Hjálmar Sveinsson hefur skrifað um Elías Mar rithöfund, sem lést fyrir skömmu. Hjálmar fjallar um æsku Elíasar Marar og skáldatíma hans eftir seinna stríð, en jafnframt um lífsbaráttu hans sem gamals og gleymds Reykjavíkurhöfundur.

Eftir Einar Fal Ingólfsson
efi@mbl.is

Hjálmar Sveinsson er kunnur útvarpsmaður og áhugamaður um bókmenntir og menningu. Hann ritstýrði bókunum *Róska*, *Megas* og *Dagur – Hlutabréf í sólarlaginu*. Nú hefur Hjálmar ritað bók um Elías Mar og verk hans, sem hann byggir á samtölum sem hann átti við Elías síðustu misserin, jafnframt því sem hann rýnir í verkin, en það síðasta, *Sóleyjarsaga*, kom út þegar Elías var hálfertugur, árið 1959.

„Bókmenntasaga okkar er ríkulegri en sést ef litið er inn í bókabúðir,“ segir Hjálmar. „Það er eins og einungis eitthvað eitt komist að í einu. Einn vinur minn líkti ástandinu á Íslandi við buxur sem hefðu bara einn vasa.“

Ég sá þetta svo vel þegar ég var að vinna þessar bækur um Róska, Dag Sigurðarson og Megas. Sumir litu á þau sem listamenn sem hefðu kastað lífi sínu á glæ – aðrir álitu þau ofmetin. Margir horfðu á lífshætti þessa fólks, ofbauð og sáu ekki verkin þeirra.

Ég kynntist Elíasi Mar þegar ég tók við hann viðtal þegar ég vann að bókinni um Dag. Þá var ég eins og hver annar bókmenntaáhugamaður, ég þekkti nafn hans og vissi af *Vögguvísu* og *Sóleyjarsögu*, en hafði ekki lesið neitt eftir hann.

Þegar ég kynntist honum fékk ég strax á tilfinninguna að hann væri talsvert merkilegur en algjörlega

gleymdur rithöfundur. Ég fann líka á honum að hann upplifði sig sem gleymdan höfund og var ósáttur við það. En hann var ekki bitur maður hann Elías.

Einu sinni sagði hann við mig: „Eitt er að vera dauður og gleymdur, annað er að vera sprellifandi og gleymdur.““

Portrett af gleymdum höfundi

–Það sést í samtölum ykkar að hann er spenntur fyrir þessari bók og rekur á eftir þér.

„Já, hann var ópolinmóður, pirraður á mér því ég var óstundvís og ég læt það allt koma fram. Svo þótti honum mjög vænt um að ég væri kominn aftur og rabbaði við mig. Hann sagði líka að ég skyldi skrifa þessa bók en hann ætti eftir að skrifa sína sögu sjálfur. Ég held að hann hafi alveg fram á síðustu stundu ætlað sér að skrifa hana.“

Elías Mar var mikill nákvæmnismaður, enda kunnur fyrir afar vandaðan prófarkalestur. Hann hélt nákvæma dagbók og vélritaði upp bréf sem honum bárust. Honum sárnaði að gamlir félagar hans, eins og Hannes Sigfússon, Sigfús Daðason og fleiri, skyldu ekki hafa haldið upp á bréf sem hann skrifaði þeim. Hjálmar segir að úr fórum hans komi mikið af bréfum og skjölum sem á eftir að fara í gegnum.

„Ég lít á þessa bók sem portrett af mannum. Reyni að draga upp skýra mynd af hversdagslegu lífi gleymds Reykjavíkurhöfundar. Hann fær matinn sendan á gulum bakka úr eldhúsi á Lindargötunni. Fer í bað vestur á Aflagranda og þarf að borga aukalega fyrir að láta klippa neglurnar. Sem betur fer átti hann góða vini, því hann varð sífellt háðari þeim. Elías var sáttur við hvernig ég kaus að segja frá honum. Hann las meira að segja prófarkir að fyrri hlutanum.“

–Þú talar um að höfundar séu ótrúlega fljótir að gleymast. Hvers vegna er þetta svona?

„Skýringarnar eru margar. Íslensk bókmenntaumuræða er svo andstutt og það verður til þess að samfelluna vantar. Þess vegna er eins og bækurnar sem komu út í fyrri séu strax horfnar. Því sem er merkilegt er ekki haldið til haga. Bókmenntafræðingar og gagnrýnendur hafa brugðist, ekki verið nógu duglegir við að vekja athygli á merkjum bókum og höfundum sem eiga skilið að vera lesnir aftur.

Mér finnst þetta tímabil, þegar Elías er að skrifa sínar sögur, sérstaklega áhugavert; þessir fyrstu tveir áratugir lýðveldisins. Þá er þetta samfélag sem við þekkjum að verða til, sáð er allskyns fræjum. Ég er ekki að halda því fram að Elías Mar sé stórkostlegasti höfundur þessa tímabils, en ég held því fram að hann sé merkilegur Reykjavíkurhöfundur og óverðskuldað algjörlega gleymdur. Hann gerði merkilega tilraun til að skrá sögu hins unga lýðveldis, með persónum sem eru sjálfir unglingar, rétt eins og lýðveldið er nokkurs konar unglingur. Ég sé skýra samsvörun þarna á milli og held að Elías hafi líka verið meðvitaður um hana.“

Sögur um hlutskipti ungs fólks

Hjálmar segir að eftir seinni heimsstyrjöldina hafi úr deiglu hugmyndalegra átaka orðið til æskulýðsmenning, með nýjum viðmiðum. Hann veltir söguhetjum bóka Elíasar Marar fyrir sér.

„Bambínó í *Vögguvísu* er 14 ára, strákurinn í *Man ég þig löngum* er 15 ára, Sóley er 17 og Bubbi í *Eftir örstuttan leik* er um tvítugt. Þetta eru unglingar og þau eru ístöðulaus, tolla illa í skóla og í vinnu, það er vesen í ástarsamböndum og kynhneigðin er í sumum tilvikum ekki alveg á hreinu.

Persónur hans eru allar Reykjavíkurunglingar og viðmið þeirra hafa ekkert að gera með þessa venjubundnu togstreitu sveitar og borgar. Alþjóðleg menning togar þau til sín. Mér finnst þessar bækur vera hluti af alþjóðlegri hreyfingu í skrifum. *Bjargvætturinn í grasinu* eftir Salinger kemur út 1951. Mér finnst Bambínó og Holden Caulfield, söguhetjan þar, vera náskyldir. Báðar sögurnar eru skrifaðar á unglingamáli, báðir eru ístöðulausir og enda á einhvers konar hæli.

Þetta þema er í öllum fjórum skáldsögum Elíasar, og í rauninni smásögunum líka. Hlutskipti ungs fólks sem gengur ekkert of vel að fóta sig.“

Elías Mar kortlagði menningarheim ungmenna síns tíma, var til að mynda ekki nema 23 ára gamall, árið 1947, þegar hann hóf að rita slangurorðasafn. Hann beitti talsvert aðferðum blaðamanns og Hjálmar talar um athyglisverða grein eftir hann sem birtist í *Líf og land* árið 1950, en þá dvaldist Elías í London í tæpt ár.

„Þar sést að hann var mjög meðvitaður um það hvernig rithöfundur hann vildi vera. Hann vildi vera „aktúel“ höfundur sem skrifaði um sitt samfélag. Í greininni ræðir hann við ímyndaðan blaðamann í London en sá lætur sér nægja að skoða Westminster Abbey og Pálskirkjuna að degi til, en sá sem segir frá segir: Þú átt að bíða þangað til fer að skyggja, þá fara aðrir svipir á stjá og annað tungumál er talað. Þá eru notuð orð eins og *tex mex* og *indian hay*, þetta er tungumál um eiturlyf sem ekki má nefna. Hann segir líka að ekki þýði að bjóða viðmælanda á *pansy ball*, sem er ástarfundur samkynhneigðra, en Elías hreifst af báðum kynjum.“

Skrifaði um samtímann

–Rithöfundarferli Elíasar lauk þegar hann var á fertugsaldri. Af hverju?

„Því miður er ekki til neitt spennandi svar við þessari spurningu. Sjálfur sagðist hann einfaldlega hafa lagt mikið á sig við að skrifa þessar sögur, hann hafi verið byrjaður í launavinnu þegar seinni hluti Sóleyjarsögu kom út og hann hafi hreinlega ekki haft orku til að skrifa fleiri skáldsögur. Mér dettur ekki annað í hug en taka mark á þessu. En það kemur fleira til. Á þessum tíma var mikið talað um krísu skáldsögunnar.“

Sóleyjarsaga átti að vera félagsleg raunsæissaga, stór tilraun til að lýsa samfélaginu, en Elías varð fyrir miklum vonbrigðum með það hvernig útgefandinn, Ragnar í Smára, stóð að útgáfunni. Svo fékk sagan ekki sérlega góðar viðtökur, ekki einu sinni hjá félögum Elíasar í vinstri deildinni. Þetta hefur haft áhrif.“

Í viðtali sem birtist við Elías í Tímanum árið 1961, þegar rithöfundarferli hans er í raun lokið, er hann hvassyrstur og segist hafa gert tilraun til að skrifa um íslenskan veruleika meðan obbinn af þeim bókum sem þá hafi verið að koma út sé nostalgískar bernskuminningar, sveitarómantík, ferðasögur frá Spáni og eitthvað slíkt. Hann skildi ekki að þessi tilraun sín til að lýsa íslensku samfélagi á tímum braggabúanna hlyti svona meðferð hjá útgefanda og gagnrýnendum.

„Hann ætlaði sér að vera „aktúel“ höfundur sem skrifaði um samtímann og það vakti ekki áhuga. Kannski hefur sú mynd sem hann dregur upp af stéttskiptu, fordómafullu og andlausu þjóðfélagi ekki þótt æskileg,“ segir Hjálmar. „Gagnrýnandi Þjóðviljans vildi til dæmis ekki trúna því að fátækt íslenskt alþýðufólk gæti verið svona drykkfellt, ofbeldisfullt og ruglað eins og foreldrum Sóleyjar er lýst.“

Svo er annað mál hversu vel heppnuð Sóleyjarsaga er sem bókmenntaverk. Þar sem Elías er bestur er hann frumlegur Reykjavíkurhöfundur sem notar meðal annars aðferðir blaðamanns til að kortleggja líf ungmenna. En þegar hann setur sig í stellingar stór-rithöfundarins og fer að skrifa í ljóðrænum stíl um persónurnar, og næstum niður til þeirra, þá er hann kominn svolítið út af sinni braut.“

Fordómafullt samfélag

–Það er forvitnilegt hvað þú hefur verið að gera í þessum bókum; það er eins og þú farir inn í öngstræti og snúir fólkinu aftur út á aðalbrautina.

„Þegar ég fór að skrifa þessa bók uppgötvaði ég að nákvæmlega hér í kjallaranum í mínu eigin húsi áttu sér stað mjög óhugnanlegir og dramatískir atburðir sem tengjast því sem Elías er að lýsa, ofboðslega fordómafullu og grimmu þjóðfélagi. Þeir sem vilja forvitnast um þá sögu geta kíkt á kaflann um Harry og Badda í bókinni...“

Í húsasundum leynist miklu meira en við höldum. Mér finnst fráleitt að nota orðið „jaðar“ um þetta fólk, þetta er bara hluti af því að okkar kúltúr er miklu ríkulegri, póetískari, lífshættulegri og flottari en við sjáum dags daglega. Hluti af þessu merkilega lýðveldi okkar er uppreisnarfólk eins og Megas, Dagur og Róska; börn menntaðrar borgarastéttar sem gera uppreisn gegn ríkjandi gildum.“

Slóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1178415

Skoðað: 2008-12-29 01:37

© mbl.is/Árvakur hf